

Skólaráð Ísaksskóla

FUNDARGERÐ

Dagsetning / Tími:	Þriðjudagur, 8. febrúar 2011, 8:30 – 10:00
Staður:	Kaffistofa, Ísaksskóli

Mætt eru: Chien Tai, Matti, Maggý, Sigríður Anna og Þóra Elisabet.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjármál skóla
3. Áætlun gegn einelti
4. Nemendaverndarráð
5. Frístundarmál
6. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

2. Fjármál skóla

Sigríður Anna ræddi um Beinun brautina: [Samkomulag um hraðari úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja](#) hefur verið undirritað og er stefnt að því að lífvænleg fyrirtæki fái tilboð um endurskipulagningu skulda sinna fyrir 1. júní 2011.

Lítill og meðalstór fyrirtæki með skuldir allt að 1.000 m. kr. geta fengið skuldir sínar lækkaðar niður að endurmetnu eigna- og rekstrarvirði þeirra, hvoru sem er hærra, að viðbættu virði annarra trygginga og ábyrgða fyrir skuldum fyrirtækis.

Í hnotskurn:

- Skuldamálum lítilla og meðalstórra fyrirtækja hraðað.
- Fyrirtæki sem eru lífvænleg og með skuldir undir 1.000 m. kr. fá tillögu að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrir 1. júní 2011.
- Traust og trúnaður þarf að ríkja milli hagsmunaaðila og áframhaldandi þátttaka núverandi eigenda og/eða lykilstjórnenda þarf að vera mikilvæg fyrir fyrirtækið.
- Skuldir fyrirtækis eru aðlagðar að virði eigna og rekstrar, hvoru sem er hærra, að viðbættu virði annarra trygginga og ábyrgða fyrir skuldum fyrirtækis.
- Ábyrgðir og skuldir eiganda er endurmetnar á grundvelli greiðslugetu og eignastöðu samhliða endurskipulagningu fyrirtækisins.
- Möguleiki á að fá mat þriðja aðila á virði fyrirtækis.

- Öllum verður boðið að samþykkja skuldauppgjör og endurskipulagningu með fyrirvara um betri rétti samkvæmt niðurstöðu dómstóla.

Það sem stendur skólanum fyrir þrifum er að fasteignaverð hans er of hátt. Lánið stendur í 250 milljónum.

Sigríður Anna bindur vonir við að nágrennasveitafélögin leiðrétti greiðslur til skólans.

Borgin er búin að hafa samband vegna 15 milljón króna lánsins. Sigríður Anna telur það best fyrir SÍJ að Reykjavíkurborg kaupi ekki skólann og að 15 milljón króna láninu verði breytt í styrk. Það eina sem skólinn hefur ekki borgað eru fasteignagjöld.

3. Áætlun gegn einelti

- Áætlun gegn einelti er tilbúin og var hún lögð fyrir fundinn. Eitt mál er nú þegar komið á borð teymisins.

4. Nemendaverndaráð

- Búið að búa til flott teymi. Ekkert mál í gangi núna. Skýrt verkferli. Búið að senda 6-7 mál til Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða.

5. Fristundamál

- Rætt var um tómstundir.
- ÍTR niðurgreiðir gæslu.

6. Önnur mál

- Rætt var um hver bæri ábyrgð á að nemendur skiluðu sér í tómstundir. Sigríður Anna sagði að Sunnuhlíð bæri ábyrgð á því.
- Í skóladagatalið þarf að bæta inn degi stærðfræðinnar sem ber alltaf upp fyrsta föstudag í febrúar.
- Grænn dagur er færður til 5. maí.
- Sigríður Anna lagar Skóladagatalið og sendir aftur til skoðunnar.
- Talað um að bjóða upp á gæslu fyrir foreldra 19. – 22. des.

Fundi slitið!